

Tegund skjals FRAMVINDUSKÝRSLA verkefnisstjóra í skólamállum	Númer Sept. 2010 – ágúst 2011
Rituð af Björk Ólafsdóttur	Dagsetning 29. ágúst 2011

1. Staða verkefna

Verkefni / málefni	Staða við lok verkefnis
Kortlagning samfélagslegra kannana	Yfirlit yfir samfélagslegar kannanir í leik- og grunnskólum voru uppfærð og nýjar rannsóknir skráðar inn í janúar 2011. Aðgengilegt á heimasíðu Sambands íslenskra sveitarfélaga á slóðinni: http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/mat-efirlit-og-rannsoknir-a-skolastarfi/yfirlit-yfir-rannsoknir-og-kannanir-i-leik-og-grunnskolum/
Ytra mat ráðuneytis og sveitarfélaga	Stofnaður var faghópur til að leggja fram tillögu að útfærslu á ytra mati ráðuneytis og sveitarfélaga. Í faghópnum voru 3 fulltrúar ráðuneytis og 3 fulltrúar sveitarfélaga. Sameiginlegur verkefnisstjóri sambandsins og ráðuneytisins stýrði vinnu hópsins og var starfsmaður hans. Faghópurinn lagði fram skriflega tillögu um útfærslu á sameiginlegu ytra mati ráðuneytis og sveitarfélaga. Tillögurnar hafa verið gerðar aðgengilegar á heimasíðu sambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytis. Slóðin er: http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Tillogur-faghops_a-heimasidu.pdf Tillagan var tekin til umfjöllunar hjá mennta- og menningarmálaráðherra og skólamálanefnd sambandsins. Ákveðið var að framkvæma tilraunaverkefni sem byggir á tillögum faghópsins svo fremi að fjármögnun fái stöð í verkefnið. Gert er ráð fyrir sameiginlegri fjármögnun ráðuneytis og sveitarfélaga. Skipuð var verkefnisstjórn sem ásamt verkefnisstjóra mun vinna að framgangi verkefnisins.
Eftirlitsskylda sveitarfélaga: yfirlit yfir skyldur og ábyrgð skólanefnda	Unnin voru yfirlit yfir lögbundnar skyldur og ábyrgð skólanefnda skv. lögum um leikskóla og grunnskóla. Yfirlitin voru send til umsagnar hjá formönnum skólanefnda í fimm sveitarfélögum. Yfirlit yfir ábyrgð og skyldur skv. lögum um grunnskóla er aðgengilegt á heimasíðu sambandsins á slóðinni: http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-fyrir-skolaneftndir-vegna-grunnskola.pdf Yfirlit yfir ábyrgð og skyldur skv. lögum um leikskóla er aðgengilegt á heimasíðu sambandsins á slóðinni: http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-fyrir-skolaneftndir-vegna-leikskola.pdf
Námskeið fyrir skólanefndir	Haldin voru námskeið fyrir skólanefndir á 8 stöðum á landinu á tímabilinu 4. apríl til 6. maí. Megininntak námskeiða voru ný leik- og grunnskólalög, stjórnkerfi sveitarfélaga, ábyrgð og skyldur skólanefnda, skólastefna sveitarfélags og rekstur leik- og grunnskóla . Eftir lok námskeiða var spurningum sem upp komu á námskeiðunum svarað með formlegum hætti og svörin birt ásamt námsefni á heimasíðu sambandsins og mennta- og menningarmálaráðuneytisins.

Verkefni / málefni	Staða við lok verkefnis
Leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat leik- og grunnskóla	<p>Unnar voru leiðbeiningar og viðmið fyrir sveitarfélög í tengslum við innra mat grunnskóla og leikskóla. Leiðbeiningarnar voru sendar til umsagnar og athugasemda hjá starfsmönnum á skólaskrifstofum þriggja sveitarfélaga. Leiðbeiningar um innra mat grunnskóla eru aðgengilegar á heimasíðu sambandsins á slóðinni: http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-fyrir-eftirlit-med-innra-mati-grunnskola.pdf</p> <p>Leiðbeiningar um innra mat leikskóla eru aðgengilegar á slóðinni: http://www.samband.is/media/mat-og-rannsoknir-a-skolastarfi/Leidbeiningar-fyrir-eftirlit-med-innra-mati-leikskola.pdf</p>
Innleiðing sameiginlegrar framtíðarsýnar FG, Sí og sambandsins	<p>Safnað var saman niðurstöðum úr rannsóknum sem gefa upplýsingar um þá lykilþætti sem settir eru fram í sameiginlegri framtíðarsýn í þeim tilgangi að skilgreina grunnlínu varðandi þessa þætti.</p> <p>Samantektir grunnlínugagna um viðhorf nemenda, kennara/starfsfólks, foreldra og um skóla og starfshætti í skóla eru aðgengilegar á heimasíðu sambandsins á slóðinni: http://www.samband.is/verkefnin/skolamal/stefnumotun/framtidarsyn-fyrir-skolastarf/</p>
Fyrirlestrar og kynningar	<p>Kynning á starfi verkefnistjóra og þeim verkefnum sem hann hefur unnið var haldin fyrir samráðsnefnd leik og grunnskóla þann 4. október 2010</p> <p>Tillögur faghóps um ytra mat voru kynntar á fundi skólamálanefndar sambandsins, 10. maí.</p> <p>Kynning og umræður um tillögur faghóps um ytra mat fór fram á vofundi Grunns, félags forstöðumanna skólaskrifstofa, 19. maí.</p>
Greinaskrif	<p>Ritaðar voru tvær greinar í tímaritið Sveitarstjórnarmál:</p> <p>Grein um skólastefnu sveitarfélaga birtist í 7. tbl. 2010.</p> <p>Grein um hvernig sveitarfélög geta hagnýtt sér niðurstöður TALIS rannsóknarinnar mun birtast í 9. tbl. 2010. Meðhöfundur þeirrar greinar er Svandís Ingimundardóttir.</p>

2. Yfirlit funda verkefnastjóra með ýmsum aðilum á tímabilinu september 2010 – ágúst 2011

Júlí – ágúst 2011

Dagur	Aðili	Efni
11. ágúst	Verkefnisstjórn ytra mats	Fundir í verkefnisstjórn um ytra mat
7. júlí	Skólateymi	Fundur í skólateymi sambandsins
12. ágúst	Verkefnisstjórn um framtíðarsýn fyrir grunnskólastarf	Fundur vegna framtíðarsýnar fyrir grunnskólastarfs til 2020
15. ágúst	Sambandið: Skólavogin	Fundur vegna kynningar á Skólavoginni 5. september
17. ágúst	Formaður SÍ og fulltrúar sambandsins	Fundur með formanni SÍ vegna námsstefnu skólastjórafélagsins í Reykjanesbæ
29. ágúst	Fulltrúar sambandsins	Kynning á námsstefnu SÍ í Reykjanesbæ í október

Mars – júní 2011

Dagur	Aðili	Efni
17. mars 27. apríl 28. júní	Stýrihópur og verkefnisstjórn	Umfjöllun um ytra mat mmrn. og sveitarfélaga
22. júní	Verkefnisstjórn	Fundir í verkefnisstjórn skólamála
26. apríl 30. maí 6. júní	Sambandið	Umfjöllun um ytra mat mmrn. og sveitarfélaga
18. mars 30. mars 31. mars	Sambandið, mmrn. og Heimili og skóli	Námskeið fyrir skólanefndir: undirbúningsfundir
23. júní 24. júní 27. júní	Sambandið og mmrn.	Unnið að svörum við spurningum frá skólanefndar-námskeiðum
23. mars 28. apríl	Skólavogin	Kynningarfundur um Skólavogina í maí
27. maí	Lýðheilsustöð	Faghópur um heilsueflandi skóla
25. mars	Samband ísl. sveitarfélaga	Landsþing
28. mars	Frkv.stj. Fjölskyldust. Akraness	Fundur um skólastefnugerð
26. apríl 31. maí	Námsmatsstofnun	PISA
10. maí 7. júní	Skólamálanefnd sambandsins	Umfjöllun um ytra mat mmrn. og sveitarfélaga
19. maí	Grunnur	Kynning á tillögum faghóps um ytra mat
23. mars 25. maí 9. júní	Ýmsir aðilar	Ráðstefnur og kynningar á niðurstöðum rannsókna

Desember 2010 – febrúar 2011

Dagur	Aðili	Efni
7. des. 11. jan. 3. feb. 7. feb. 11. feb. 23. feb 8. mars	Faghópur um ytra mat	Umfjöllun um ytra mat mmrn. og sveitarfélaga
26. jan.	Verkefnisstjórn	Fundir í verkefnisstjórn skólamála
10. des. 5. jan. 24. jan. 31. jan.	Skólateymi	Fundur í skólateymi sambandsins
11. feb.	Mmrn.	Leiðbeiningar fyrir innra mat skóla
13. des. 4. jan.	Skólavogin	Undirbúningur fyrir frekari kynningu á Skólavoginni
17. des. 25. feb.	Lýðheilsustöð	Faghópur um heilsuefandi skóla
21. des. 28. feb. 9. mars	Samband íslenskra svf.	Kynningar
7. jan.	Skólastjórafélag Íslands	Samráðsfundur
24. jan. 26. jan.	Samband íslenskra svf.	Skipulag námskeiða að vegum sambandsins
25. jan.	Námsmatsstofnun	PISA
27. jan. 31. jan. 1. feb. 7. mars.	Fulltrúar úr faghóp	Fundir vegna ytra mats í grunnskólum
4. feb.	Grunnur	Ársfundur
4. mars	Lögfræði og velferðarsvið	Sviðsfundur

September 2010 – nóvember 2010

Dagur	Aðili	Efni
1. sept.	Stýrihópur verkefnisstjóra í skólamálum	Kynning á þeim verkefnum sem unnin hafa verið á fyrra starfsári verkefnisstjóra.
3. sept. 9. sept. 7. okt. 20. okt.	Skólateymi	Fundur í skólateymi sambandsins
3. sept.	Lögfræði og velferðarsvið	Sviðsfundur
7. sept.	Verkefnisstj. rannsóknarinnar: <i>Starfshættir í ísl. grunnskólum</i>	Fundur vegna Framtíðarsýnar
14. sept.	Skólamálanefnd	Kynning á fyrirhugaðri stofnun faghóps um ytra mat
22. sept.	Mats- og greiningarsv. mmrn.	Fundur vegna yfirlits um ábyrgð og skyldur sveitarfélaga
4. okt.	Samráðsnefnd leik- og grunnskóla	Kynning á starfi verkefnisstjóra

Dagur	Aðili	Efni
13. okt. 24. nóv.	Verkefnisstjórn	Fundir í verkefnisstjórn skólamála
19. okt. 19. nóv. 23. nóv.	Faghópur um ytra mat	Umfjöllun um ytra mat mmrn. og sveitarfélaga
22. okt. 29. okt. 1. nóv.	Ráðstefnur um menntamál	Málþing Menntavísindasv. – rannsóknir, nýbreytni og þróun Stjórnvísí – ráðstefna um gæði í skólastarfinu Málstofa um skólamál – Samb. ísl. sveitarfélaga
3. nóv.	Reykjavíkurborg	Fundur v/stefnumótunar í menntamálum
24. nóv.	OECD rannsókn	Viðtal vegna rannsóknar um mat á vegum OECD